

## **Skólaráðsfundur 11. september 2012**

Mættir: María Helen, Guðrún Soffía, María Á., Jóhanna, Ísak, María fundarritari.

### **Skólaárið 2012-2013**

Guðrún Soffía fór yfir hvernig skólastarfið fór af stað. Allt hefur byrjað vel fyrir utan Dægradvöl vegna mannekle. 1. bekkur er kominn inn í Dægradvöl og 2. og 3. bekkur hefur skipst á að mæta þessa vikuna. Nýr forstöðumaður í Dægradvöl sem tekur alfarið við 1. október.

Það hefur gengið betur að ráða í þrífing en í Dægradvöl.

Farið var yfir breytingu á yfirstjórn skólans.

Farið var yfir skólahúsnæðið og þarf skólinn að fá skólaráð með sér í lið til að skrifa bréf vegna brotinna flísa. Nauðsynlegt er að gera eitthvað í þeim málum þar sem yngsta stigið stafar hætta vegna brotinna flísa. Þessi umræða verður tekin upp með foreldrafélagi.

Umræður voru um skólalóðina en skólinn óskar eftir fleiri leiktækjum. Einnig á að athuga með girðingu. Ekkert var gert varðandi sleppisvæði fyrir ofan skólann en mikil umferð er við skólann í upphafi dags. Þessari umræðu þarf að halda opinni.

Skólinn er að reyna að fá aukinn fjárhag til að fá að ráða skólaliða vegna fylgdar í rútur í íþróttir og sund. Íþróttakennslan er komið vel á veg. Gott væri að foreldrafélagið sendi bréf vegna málsins þegar ný stjórn hefur tekið við.

Önnur mál:

María Helen var á Akureyri á læsinnámskeiði. Spurði hvort skólar í Kópavogi væru að taka þátt í þróunarvinnu. Guðrún Soffía sagði frá því að Vatnsendaskóli er að taka þátt í byrjendalæsi og er allt yngsta stigið í þeirri vinnu. Í fyrra var skólinn með logosgreiningu.

Næsti fundur mánudaginn 4. des. kl. 16:15

Fundi slitið kl. 17:00